

## Til kröfuhafa Sparisjóðs Mýrarsýslu.

Reykjavík, 28. ágúst 2009

### Efni: Uppýsingar varðandi Sparisjóð Mýrarsýslu.

Ágæti kröfuhafi.

Hinn 2. júlí sl. skipaði Fjármálaeftirlitið Sigurð R. Arnalds hrl., Jón Hauk Hauksson hdl. og Margréti Gunnlaugsdóttur hdl. í bráðabirgðastjórn SPM. Sigurður var skipaður formaður bráðabirgðastjórnar. Bráðabirgðastjórn fer með sömu heimildir að lögum og samþykktum sparisjóðsins sem stjórn og fundur stofnfjáreigenda SPM hefði ella haft á hendi. Á meðan bráðabirgðastjórn ræður yfir sjóðnum gilda sömu takmarkanir á heimildum til að beita fullnustugerðum og öðrum þvingunarúrræðum gagnvart honum og ef sjóðurinn hefði fengið heimild til greiðslustöðvunar. Með vísan til þess að áður en bráðabirgðastjórn var skipuð hafði SPM verið í greiðslustöðvunarferli, er staða kröfuhafa sú sama og um greiðslustöðvun væri að ræða, sbr. 2. mgr. 100. gr. a. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 með síðari breytingum.

Yferráðum bráðabirgðastjórnar yfir SPM lýkur 2. október n.k., nema bráðabirgðastjórn hafi þá lagt fyrir héraðsdóm kröfu um að sjóðurinn verði tekinn til slita, honum veitt heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamninga, eða ný stjórn hafi verið kjörin til að leysa bráðabirgðastjórn af hólmi, sbr. 1. – 3. tl. 100. gr. a. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 með síðari breytingum.

Áður en bráðabirgðastjórn tók við hafði verið samið við Nýja Kaupþing banka hf. (NKB) um nánar tilgreindar eignir og rekstur SPM. Útibú SPM og NKB í Borgarnesi hafa verið sameinuð og SPM er ekki lengur með neinn rekstur á sínum vegum. Einu eignir SPM nú eru réttindi skv. framangreindum kaupsamningi við NKB.

Kröfuhöfum hafa áður verið kynnt drög að frumvarpi að nauðasamningi, sem voru byggð á greiðslum skv. framangreindum kaupsamningi við NKB, m.a. með greiðslu í hlutabréfum í NKB og skuldabréfum útgefnum af bankanum. Frekari ákvarðanatata varðandi SPM hefur verið í biðstöðu vegna þeirra athugasemda nokkurra af stærstu kröfuhöfum SPM, að erfitt væri að taka afstöðu til frumvarpsins meðan ekki lægi fyrir stofnefnahagsreikningur NKB. Vonast er til að þær upplýsingar liggi fyrir á allra næstu dögum. Bráðabirgðastjórn gerir ráð fyrir að boða til kröfuhafafundar um eða upp úr miðjum september n.k. þar sem vonast er til að fram komi afstaða kröfuhafa til tillögu að nauðasamningi. Afstaða kröfuhafa til tillögu að nauðasamningi mun ráða miklu um ákvörðun bráðabirgðastjórnar um framhaldið, hvort leitað verði formlegrar heimildar til nauðasamninga eða hvort lagt verði til að sjóðurinn verði tekinn til slita.

Virðingarfyllt,  
f.h. bráðabirgðastjórnar SPM,

Sigurður R. Arnalds hrl., formaður